

VISIR

DAGBLAÐ

Útgefandi: BLAÐAÚTGAFAN VISIR H/F.

Ritstjórar: Kristján Guðlaugsson, Hersteinn Pálsson.

Skrifstofa: Austurstræti 7.

Afgreiðsla: Hverfisgötu 12. Símar 1660 (fimm línur).

Lausasala 50 aurar.

Félagsprentsmiðjan h.f.

Frelsi verkalyðsins.

Pólverjar hafa nýlega sett hjá sér lög, til þess að tryggja sosialistiskan starfsaga, en lög þessi miða að því að koma í veg fyrir fjarvistir verkamanna um lengri eða skemmri tíma. Í lögum er svo ákveðið, að ekki megi verkamenn skipta um vinnustað, nema að fengnu opinberu leyfi. Komi menn hinsvegar of seint til vinnu sinnar, skal þeim refsað á þá lund, að dregið er af launum þeirra, eða þeir settir í lægri launaflokk. Kveði mjög að því að verkamenn vanræki að mæta til vinnu, má draga þá fyrir lög og dóm, þannig að þeir verði látnir sæta refsingum, eðli málsins samkvæmt og eftir því, sem henta þykir. Löggjöf þessi mun að nokkru sniðin eftir rússneskri fyrirmynd, þar sem verkamenn unga, „gláðir við sitt“ í náðarfaðmi ráðstjórnarinnar.

Hjá mönnum vaknar hinsvegar sú spurning, hvernig á því standi að slíka löggjöf þurfi að setja, þegar verkamenn vinni jafn dyggilega fyrir föðurlandið og pólsku verkamennirnir gera. Ekki leikur vafi á því, að ef slík löggjöf væri sett af stjórn Björns Ólafssonar, Ólafs Thors eða Bjarna Benediktssonar, þá myndi þetta verða kölluð þrællög, sem yrði að brjóta á bak aftur með samtakamætti verkalyðsins. Verkalýðsfélögin myndu vitanlega, öll sem eitt, mótmæla slíku gerræði, og telja að í því fælist frekleg réttindaskerðing og frelsissvifting. Verkalýðsfélögin myndu vafalaust einnig vekja athygli á, að með slíkrilöggjöf væri verkalýðssamtökin raunverulega bönnuð í landinu, þar eð þeim væri á enga lund heimilt að berjast fyrir hagsmunum verkamanna, en yrðu í einu og öllu að hlýða boðum valdhafanna.

Allt væru þetta réttar hugleiðingar í lýðfrjálsum löndum, og hver einasti frjálshuga maður myndi styðja þær í orði og á borði. En munurinn er sá, að þar sem „verkalýðurinn ræður“, þar eru orð eins og samtök verkalýðsins úrelt hugtök, sem eiga engan rétt á sér, nema til refsingar og hennar þungar. Þar er allur mótfroði innan verkalýðsfélaganna kveðinn niður, og refsingar lagðar við vinnusvikum og skemmdaverkum, í hvaða mynd, sem þau birtast. Vinnusvik og skemmdaverk eru hinsvegar réttmæt tæki í höndum verkalýðsins í lýðfrjálsum löndum, til þess að hann fái afnumið frelsi sitt og afhenti það með glöðu geði í hendur einhvers óviss harðstjóra, sem upp myndi rísa meðal múgsins á degi byltingarinnar, svo sem Lenin heitinn gjörði forðum og sýnt er í húsi við Freyjugötu hér í bænum um þessar mundir.

Þegar íslenzkir verkamenn vega og meta hagsmuni sína, verða þeir að miða þá við eigin reynslu og annarra, eftir því sem beztu heimildir greina, en þar munu opinberar tilkynningar frá stjórnarvöldum hlutaðeigandi nágrannaríkja, eða annarra þeirra ríkja, sem miðað er við, reynast einna notadrygstar. Löggjöfin lýgur ekki. Hún er yfirleitt sett af nauðsyn, og ávallt er svo, ef gengið er nærri arfhelgum rétti einstaklingsins. Þegar viðurlög og refsingar eru settar við einhverjum verknaði, felst í því að löggjafinn telur að um refsivert brot sé að ræða, en auk þess byggist slík löggjöf á því að brotin séu framin. Annars væri engin ástæða til slíkrar lagasetningar. Þetta er ofur einfalt mál, sem er í eðli sínu eitt og hið sama í lýðfrjálsum löndum og ráðstjórnarríkjum. Ganga verður út frá að þar ríki ófrelsi meira, sem fleira verður til brota talið í löggjöfinni, en þar frelsi meira til athafna, sem færri eru viðurlögin.

Verkamenn og allar aðrar stéttir hafa gott af að hugleiða þetta um hátíðina, þegar ungkommúnistar í Austur-Berlín sýna heiminum mátt sinn og völd og berjast fyrir hinum göfuga málstað verkalýðsins. Á sama tíma eru nágrannar þeirra í Póllandi sviftir frelsi til að ráða sér og sínum gjörðum sjálfir. Slíku ófrelsi geta menn vafalaust unnað um skeið, geri þeir engar aðrar kröfur til lífsins, en að skrimmta. En hinu mega þeir þá ekki gleyma, að þeir hafa glatað frelsi sínu.

Björn Th. Björnsson:
Fagur listviðburður.

Með iðnbyltingunni á síðustu öld má segja að tengslin á milli listsköpunar og almennings í Evrópu hafi að fullu brostið. Iðnaðarmenn og hændur urðu verksmiðju-öreigar milljónum saman. Framleiðsla verksmiðjunnar, sem kom í stað listiðnar handverksmannsins áður, varð innantómur varningur, aðeins gerður í einu augnamiði, þurfti aðeins að fullnægja einu skilyrði: gróða. Heimili hvers alþýðumanns í álfunni, sem áður átti sér nokkra fegurð í máluðu íkoni eða skorinni röðu, í traustu járnvirki eða trésmíði þess vöndar, sem starfaði í grenndinni, varð nú undirlagt olíuprentuðum glansmyndum og gylltu blikkdraslí, sem menn keyptu af meðfæddri þörf til þess að hafa annað innan stokks en borð og stóla.

Augað, sem áður þekkti fagan grip við fyrstu sýn, lamaðist nú smám saman við þessa örtröð af glysvarningi og týndi dómsgreind sinni. Að visu hélt fagur iðnaður þar fagur list, en það

var orðinn munaður fátta.

Einstaka hugsjónamaður reis upp úr þessu hafi forheimskunar og ljótleika og barðist fyrir því að færa fólkinu aftur það, sem það átti, — listina, fagra hluti, sem gætu aftur auðgað líf þess og beint því leiðina til þess tærasta, sem býr í manninum. En guð gróðans, guð fabrikkunnar kæfði hverja slíka rödd. Tilraun listamannsins til samkeppni var andvana fædd. Jafnvel vinur okkar, William Morris, hugsjónamaðurinn, átti það eftir að sjá hlutina, sem hann ætlaði fólkinu, lenda í glerskápum ríkra fagurkera.

Enn er bilið óbrúað. Enn eru milljónir manna um alla álfuna, sem finnst hugtakið „list“ vera af öðrum heimi. Hér á Íslandi æfti slíkt ekki að þurfa að eiga sér stað. Fólksfæð okkar og samilegur efnahagur ætti að geta gert hvern einasta borgara jafnkominn að því bezta, sem við eigum í listum. Því er það grætilegt að koma inn í heimili hér, — jafnvel hjá samilega menntuðu fólki, þar



Hluti af sýningunni í Café Höll. Málverk, keramik og myndvefnaður.

sem smekkvisin ber svipmót þess, sem er í voluðustu fátækrahverfum stórborga. — Skrápótt gífsdrasl, málmosteypur ófreskjur, „kúnt-bróðer“ og framleiðsla penslara, sem ekki virðast hafa rænu á því að kaupa sér ljósmyndavél, er tilrað þar um skápa og vegg.

Menning okkar Íslendinga á umliðnum öldum hefir sannarlega ekki umið til þess, að menn fylli hibiýli sín slíku fegurðarsnaudu rusli, þegar við loks höfum efni á því að byggja okkur hús. Og einmitt þess vegna er það ávallt gleðiefni, þegar eitt-hvað kemur fram, nýtt og hjart, sem felur í sér möguleikann til þess að brúa þetta djúp.

Þessi vika, sem er að liða, held eg að muni seinna meir marka talsverð leiðarmót í íslenzkri listsögu. Þótt sýningin, sem nú er haldin í Austurstræti 3 sé hvorki mikil að gólfleti né veggjum, færir hún íslenzkum listiðnaði og listmenningu samt nýjar og glæstar vonir. Hún sannar okkur að hin unga og frjóa list okkar getur einnig markað sér svið fyrir utan málada dúk og höggna mynd, — í keramik og myndvefnaði, einföldum hlutum, sem eru í samræmi við birtu nýrra hibiýla. Það eru fínlegir hlutir, þar sem litgleði og brosandir ferskleiki eru látin ráða, og það má í hverjum þeirra finna ánægjuna við að búa hann til. Hér veit eg að íslenzk list hefir sáð í akur, sem á eftir að bera okkur ríkulegan ávöxt.

Því heilsa eg ykkur, vinir, og þakka ykkur þetta verk, fullviss um það, að sá tími muni ekki langt undan, þegar allt það fátæklega skran, sem nú ber hæst, mun rýma fyrir fögrum hlutum, og hugsjónum um listina í daglegu lífi hvers manns muni sigra.

◆ BERGMÁL ◆

Það er ástæða til að minnst sérstaklega á handknattleiksmót þau, er nú standa yfir milli Finna og Íslendinga. Þegar hafa verið háðir tveir leikir, og hafa þeir farið á þann veg, sem við mátti búast. Jafntefli varð í leiknum við landsliðið, en Finnar unnu Ármann með tólf mörkum gegn ri.

Finnar hafa jafnan verið góðir gestir hér. Er skemmst að minnast hingaðkomu úrvalsflokks Ólympíusigurvegaranna í fimleikum, en þá sáu menn bezt, að eg held, fullkomnun og þjálfun íþróttamanna, eins og hún getur bezt orðið. Eg var þá einmitt staddur í íþróttahúsinu á Hálogalandi, í boði Ármanns. Aldrei hefi eg séð annað eins af íþróttafrekum, en þó ýmislegt. Ekki dettur mér í hug að gerast á neinn hátt dómari um íþróttir, en þarna

var eitthvað, sem snerti mann, færði manni heim sanninn um, hvernig bezt er hægt að gera fallega hluti á sviði íþróttar.

Nú er hingað kominn handknattleiksflokkur, skipaður beztu mönnum Finna í þeirri grein. Hann hefir staðið sig ágætlega, á svipaðan hátt og fimleikamennirnir á sínum tíma. Vináttu- og menningartengsl þau, er upp hafa verið tekin milli íslenzkra og finnskra íþróttamanna hin síðari ár, eru vissulega góðra gjalda verð.

Þar er glímufélagið Ármann í fararbroddi, og er rétt að geta þess, sem sannast er, að öðrum íþróttafélögum algjörlega ólöstuðum. Finnar eru sú Norðurlandapjód, sem fjærst okkur eru, í kílómetratölu, en hins vegar nálægir okkur á menningarlegum og íþróttalegum

grundvelli. Má því vænta þess, að þessi tengsl muni haldast á ókomnum árum.

En nú skal vikið að öðru efni. Um fátt er meira talað en „Gullfoss“ og hringfór skipsins um landið. Mönnum ber vafalaust saman um, að aldrei hafi íslenzka þjóðin eignast glæsilegri farkost, sem væntanlega á effir að færa henni „björg í bú“, eins og þar stendur.

Þessi kynnisfór skipsins umhverfislandið nær vonandi tilætluðum árangri. Þeim að kynna sem flestum landsmönnum skipið og skipshöfn þess, en þar er valinn maður í hverju rúmi, eins og alkunna er. Rúmi, eins og alkunna er. Og raunar gildir hið sama um öll skip okkar og fyrir það eigum við landkrabbarnir ekki sízt að vera þakklátir.